

FRJÁLSI LÍFEYRISJÓÐURINN

ÁRSREIKNINGUR 2014



EFNISYFIRLIT

Áritun óháðs endurskoðanda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9
Skýringar.....	10
Deildaskipt yfirlit.....	19
Kennitölur.....	22
Sundurliðanir á verðbréfum.....	28
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2015 (útdráttur).....	32

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogi, 25. mars 2015

Deloitte ehf.



Knútur Þórhallsson

endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn.

Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2014 voru sjóðfélagar 49.536 og fjölgaði þeim um 1.553 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 18.991 og fjölgaði þeim um 1.206. Hrein eign sjóðsins nam 146.298 milljón króna og stækkaði sjóðurinn um 14.264 milljónir kr. eða 10,8%. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja milli fjögurra fjárfestingaleiða séreignadeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild
Nafnávöxtun	6,8%	4,0%	1,7%	4,2%	5,6%
Raunávöxtun	5,7%	2,9%	0,6%	3,1%	4,5%
Hrein eign í milljónum króna	80.718	6.933	17.953	116	40.578
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa	39.947	3.415	7.678	70	38.717
Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu	12.502	1.512	4.288	68	15.237
Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu	9.526	1.207	3.520	36	12.191
Fjöldi lífeyrisþega	1.303	244	664	12	1.069
Markhópur	Yngri en 55 ára	Eldri en 55 ára	Lífeyrisþegar	Áhættu-sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2014:					
Skuldabréf	65%	85%	85%	60%	80%
Innlend hlutabréf	14%	10%	0%	30%	14%
Erlend hlutabréf	21%	5%	0%	10%	6%
Bankainnstæður	0%	0%	15%	0%	0%
	100%	100%	100%	100%	100%

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fékk fjölmörg verðlaun á árinu

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fékk fjölmörg verðlaun fyrir rekstur og eignastýringu sjóðsins á árinu. Sjóðurinn hlaut tvenn verðlaun í verðlaunasamkeppni lífeyrissjóða sem haldin var af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE) í nóvember 2014. Sjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður í Evrópu í sínum stærðarflokki en miðað er við sjóði sem eru minni en einn milljarður evra að stærð. Jafnframt var sjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópulanda með færri en eina milljón íbúa annað árið í röð og tilnefndur til verðlauna í tveimur öðrum flokkum. Er þetta besti árangur sem sjóðurinn hefur náð í IPE verðlaunasamkeppninni.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti fagfjárfestir í fasteignafjárfestingum á meðal 40 þjóða Evrópu af fagtímaritinu IPE Real Estate. Í umsögn dómnefndar sagði meðal annars að sjóðurinn hefði brugðist tímanlega við breytingum í fjárfestingaumhverfinu með því að nýta tækifæri á fasteignamarkaði og þannig náð að hámarka virði eignasafnsins í erfiðum markaðsaðstæðum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn lífeyrissjóður ársins á Íslandi af fagtímaritinu Acquisition International. Þetta kom fram í sérstakri útgáfu tímaritsins um verðlaunin sem eru veitt á hverju ári þeim sem þykja hafa skarað fram úr á sínu sviði sl. 12 mánuði.

Ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarumhverfið

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2014 var á bilinu 1,7% - 6,8% og verðbólga mældist 1%. Frjálsi 1, stærsta og fjölmennasta leið sjóðsins, skilaði hæstu ávöxtuninni eða 6,8%. Ástæður hækkunarinnar má að stærstum hluta rekja til góðrar ávöxtunar á erlendum hlutabréfum er þau vege hlutfallslega mest í þessari leið af fjárfestingarleiðum sjóðsins, eða um 26% af eignum leiðarinnar. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 14% á síðasta ári, Nafnávöxtun Frjálsa Áhættu var 4,2%, hjá Frjálsa 2 var hún 4,0% og 1,7% hjá Frjálsa 3.

Helsta ástæða lágrar ávöxtun Frjálsa 3 var að ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði á árinu sem leiddi til þess að verðbréfanna lækkaði og hafði neikvæð áhrif á ávöxtun leiðarinnar. Íbúðarbréf eru stærsti flokkur verðtryggðra ríkisskuldabréfa og hækkuðu þau aðeins um 0,5%-2,9% á árinu 2014. Frjálsi 3 er sú fjárfestingarleið þar sem ríkisskuldabréf vege hlutfallslega mest, eða um 64% af eignum sjóðsins um sl. áramót.

Úrvalsvísitala hlutabréfa hækkaði um 4% á árinu. Frjálsi Áhætta hefur hæsta vægi innlendra hlutabréfa af fjárfestingarleiðunum, eða um 35% um sl. áramót. Tryggingadeildin skilaði 5,6% nafnávöxtun en mikilvægt er að hafa í huga að skuldabréf deildarinnar eru gerð upp á kaupkröfu en á markaðsvirði í séreignarleiðunum og því hafði hækkan á ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa ekki neikvæð áhrif á ávöxtun deildarinnar.

Ávöxtunarmöguleikar lífeyrissjóðsins á komandi misserum munu að miklu leyti ráðast af fjárfestingarumhverfi sjóðsins en gjaldþyrskingin gera það að verkum að sjóðurinn getur ekki aukið við erlendar fjárfestingar. Sjóðurinn er vakandi fyrir þeim möguleika að það umhverfi geti skapast að eftirspurn eftir innlendum fjárfestingum ráði meiru um verðlagningu þeirra en undirliggjandi rekstur réttlætir. Í því ljósi er mikilvægt að stíga varlega til jarðar og mun sjóðurinn hafa það að leiðarljósi á komandi misserum.

Iðgjald í tryggingadeild hækkað á árinu

Vegna lengri meðalævi fólks sem leitt hefur til aukinnar skuldbindingar tryggingadeildar sjóðsins, var samþykkt á árinu 2014 breytingar á samþykktum sjóðsins um að hækka þann hluta 12% lágmarksiðgjalds sem er ráðstafað í tryggingadeildina en iðgjaldið í frjálsa séreign var lækkað á móti.

Í Frjálsu leiðinni greiðir tryggingadeild ævilangan lífeyri frá 70 ára aldri og hækkaði iðgjaldið úr 7,4% af launum í 7,95% en 4,05% er ráðstafað í frjálsa séreign sjóðfélaga sem er laus til útborgunar eftir 60 ára aldur.

Í Erfanlegu leiðinni greiðir tryggingadeild ævilangan lífeyri frá 85 ára aldri og hækkaði iðgjaldið úr 3,1% af launum í 3,4% en 6,55% er ráðstafað í bundna séreign sem greiðir lífeyri frá 70-85 ára aldurs en 2,05% er ráðstafað í frjálsa séreign sjóðfélaga.

Tryggingafræðileg staða

Hlutfall heildareigna á móti heildarskuldbindingum tryggingadeildar sjóðsins var í lok árs jákvætt um 1,7% og batnaði tryggingafræðilega staðan um 1,5 prósentustig á milli ára. Betri stöðu má fyrst og fremst rekja til þess að ávöxtun tryggingadeildar árið 2014 var hærri en þau 3,5% sem miðað er við í tryggingafræðilegum forsendum og að iðgjaldið í tryggingadeildina var hækkað á árinu.

Lánareglur sjóðsins rýmkaðar

Lánareglur sjóðsins voru rýmkaðar á árinu. Helstu breytingar voru eftirfarandi:

- Hámarkslánfjárhæð hækkaði úr 20 milljónum kr. í 40 milljónir. Óbreytt er að hámarksveðhlutfall er 65% af markaðsverðmæti íbúðarhúsnæðis sem lögð er til tryggingar láninu.
- Boðið er upp á lán með jöfnum afborgunum til viðbótar við jafngreiðslulán til að gefa lánþegum kost á að greiða lánin sín hraðar niður.
- Skilyrði til að fá lán er að sjóðfélagi hafi annað hvort greitt iðgjöld í sjóðinn vegna sex síðustu mánaða eða hafa greitt iðgjöld til sjóðsins vegna samtals 36 mánaða.

Frjálsi.is – nýtt lén sjóðsins

Frjálsi lífeyrissjóðurinn eignaðist á árinu 2014 lénið frjálsi.is og er það opinbert lén sjóðsins. Þó verður hægt að nota áfram lénið frjásilif.is til að fara inn á vefsíðu sjóðsins.

Greiðslur viðbótarlífeyrissparnaðar inn á húsnæðislán

Frá og með júlí 2014 var lántakendum gefinn kostur á að nýta viðbótarlífeyrissparnað til að greiða skattfrjálst inn á höfuðstól húsnæðislána. Í mars 2015 höfðu 1.564 sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum sótt um úrræðið. Á árinu 2014 nemur greiðsla sjóðfélaga inn á húsnæðislán 141,7 milljónum kr. skv. ársreikningnum.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er réttihafa séreignarsparnaðar heimilt að nýta viðbótariðgjald, vegna launagreiðslna á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Heimild einstaklings takmarkast við allt að 4% framlag réttihafa og allt að 2% framlag launagreiðanda að hámarki samanlagt 500 þús. kr. á almanaksári. Hjá hjónum og einstaklingum, sem uppfylla skilyrði til samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, takmarkast heimildin við sömu forsendur en að hámarki samanlagt 750 þús. kr. á almanaksári. Greiðsla inn á lán getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur inneign réttihafa vegna greiddra iðgjalda á hverjum tíma.

Hækkun frádráttarbærs viðbótariðgjalds úr 2% í 4% af launum

Frá og með júlí 2014 hækkaði frádráttarbært viðbótariðgjald einstaklinga úr 2% af launum í 4%. Iðgjaldið var lækkað úr 4% í 2% árið 2012 en var tímabundin og hefur því hækkað á ný.

Breyting á lögum um útgreiðslu lífeyris

Í janúar 2014 varð breyting á lögum um almannatryggingar sem höfðu áhrif á umsóknir um lífeyri hjá lífeyrissjóðum. Lagabreytingin felur í sér að sjóðfélagar þurfa að sækja um lífeyri fyrst hjá lífeyrissjóðum áður en þeir sækja um lífeyri hjá Tryggingastofnun. Sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum sem sækja um lífeyri frá Tryggingastofnun 67 ára verða að sækja um lífeyri úr Frjálsa lífeyrissjóðnum frá sama tíma. Þetta gildir einnig um sjóðfélaga í samtryggingarleiðum sjóðsins þar sem viðmiðunaráldur er 70 ára en í þeim tilvikum verður sjóðfélagi að flyta töku lífeyris sem þýðir að lífeyrisgreiðslur lækka m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga við 70 ára aldur. Rökin fyrir breytingunum eru að ekki er talið réttmætt vegna samspil greiðslna úr lífeyrissjóðum og greiðslna frá Tryggingastofnun að sjóðfélagar geti fengið hærri greiðslur frá Tryggingastofnun eingöngu með því að fresta því að sækja um áunnin lífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðum. Kjósi sjóðfélagar aftur á móti að seinka töku lífeyris þarf það að vera gagnvart báðum meginstöðum lífeyriskerfisins á sama tíma. Lagabreytingin hefur ekki áhrif á útgreiðslur frjálstrar séreignar.

Samstarf við VIRK um framkvæmd örorkumata

Í febrúar sl. gerði Frjálsi lífeyrissjóðurinn samning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð um að hafa milligöngu um framkvæmd örorkumata fyrir sjóðinn. Starfsmenn á vegum VIRK munu einnig í samstarfi við trúnaðarlækna meta hvort ávinningur af starfsendurhæfingu sé mögulegur hjá umsækjendum um örorkulífeyri. Vonast sjóðurinn eftir því að með samstarfi sjóðsins og VIRK muni fleiri örorkulífeyrisþegar nýta sér starfsendurhæfingu og komast aftur inn á vinnumarkaðinn.

Stjórnarlaun, umsýsluþóknun og aðrar þóknanir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2014 námu 10 milljónum kr. og umsýsluþóknun til rekstraraðila nam 417,2 milljónum og vörsluþóknun 32,4 milljónum kr. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 1,4 milljónum kr. og þóknun til endurskoðanda 6,9 milljónum kr.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Áhættustefna, áhættuskýrslur og rekstraráhættumat

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu, og mótaðilaáhættu. Áhættustýring Arion banka gefur út áhættuskýrslur fyrir sjóðinn sem eru lagðar fyrir stjórn á hverjum stjórnarfundum. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Jafnframt hefur Áhættustýring Arion banka umsjón með framkvæmd rekstraráhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Í rekstraráhættumatinu er meðal annars litið til starfsmannaáhættu, hættu á sviksemi, orðsporsáhættu, upplýsingatækniáhættu og áhættu tengda verkferlum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2015

Í stjórn



Ásgeir Thoroddsen
stjórnarformaður



Anna Sigríður Halldórsdóttir



Ásdís Eva Hannesdóttir



Elías Jónatansson



Elín Þórðardóttir



Jón Guðni Kristjánsson



Magnús Pálmi Skúlason

Framkvæmdastjóri



Arnaldur Loftsson

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2014

	Skýr.	2014	2013
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		3.370.685	2.912.330
Iðgjöld launagreiðenda		6.554.807	5.951.306
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		2.390	11.946
Sérstök aukaframlög		125.976	118.178
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána		(141.703)	0
	9-11	<u>9.912.155</u>	<u>8.993.760</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	12	(2.142.412)	(1.823.172)
Útgreiðsla séreignarsparnaðar skv. br.b.ákvæði	13	(1.006.806)	(629.756)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	14	(88.180)	(77.612)
		<u>(3.237.398)</u>	<u>(2.530.540)</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	15	595.145	1.134.091
Vaxtatekjur(-gjöld) og gengismunur	16	7.508.839	7.857.888
Breytingar á niðurfærslu	25	(10.156)	374.928
		<u>8.093.828</u>	<u>9.366.907</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(168.628)	(157.356)
Önnur fjárfestingargjöld		(173.270)	(157.356)
	17	<u>(341.898)</u>	<u>(314.712)</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17	(162.994)	(149.314)
		<u>(162.994)</u>	<u>(149.314)</u>
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	20	14.263.693	15.366.101
Hrein eign frá fyrra ári		<u>132.034.236</u>	<u>116.668.133</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>146.297.929</u>	<u>132.034.234</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	21	58.263.815	53.107.420
Verðbréf með föstum tekjum	22	73.703.038	66.682.995
Veðlán	23	2.740.852	2.163.786
Bankainnstæður		2.965.191	2.766.231
Aðrar fjárfestingar	24	40.000	42.972
		<u>137.712.896</u>	<u>124.763.404</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		668.734	544.141
Aðrar kröfur	27	217.072	91.807
		<u>885.806</u>	<u>635.948</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltinnlán		8.250.614	6.992.293
		<u>146.849.316</u>	<u>132.391.645</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ógreidd iðgjöld til ráðstöfunar inn á höfuðstól lána	11	(38.178)	0
Aðrar skuldir	28	(513.209)	(357.411)
		<u>(551.387)</u>	<u>(357.411)</u>
		<u>(551.387)</u>	<u>(357.411)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris			
		<u>146.297.929</u>	<u>132.034.234</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2014

	Skýr.	2014	2013
Inngreiðslur			
Iðgjöld	9-11	9.912.155	8.993.761
Fjárfestingartekjur		665.091	657.588
Afborganir verðbréfa		4.882.929	4.526.466
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		12.410.295	8.949.249
Seld verðbréf með föstum tekjum		712.282	2.814.286
Seldar aðrar fjárfestingar		0	8.500
		<u>28.582.752</u>	<u>25.949.850</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	12-14	3.237.399	2.530.541
Fjárfestingargjöld	17	340.737	314.711
Rekstrarkostnaður	17	164.154	149.314
Skammtímalíðir, breyting		55.882	395.422
		<u>3.798.172</u>	<u>3.389.988</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>24.784.580</u>	<u>22.559.862</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum		12.746.628	12.456.323
Keypt verðbréf með föstum tekjum		9.766.970	5.206.427
Ný veðlán og útlán		813.702	600.792
Hækkun á bankainnstæðum		198.960	266.182
Keyptar aðrar fjárfestingar		0	42.972
		<u>23.526.260</u>	<u>18.572.696</u>
Hækkun/(lækkun) á sjóði og veltiinnlánum		1.258.320	3.987.166
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>6.992.294</u>	<u>3.005.127</u>
Sjóður og veltiinnlán í lok tímabils		<u>8.250.614</u>	<u>6.992.293</u>

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálefirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og árslokagengi var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
		2014	2013	31.12.2014	31.12.2013
Evra.....	EUR	154,43	161,93	153,84	158,06
Bandaríkjadollar.....	USD	116,47	121,94	126,60	114,76
Japanskt jen.....	JPY	1,10	1,25	1,06	1,09
Dönsk króna.....	DKK	20,71	21,71	20,66	21,19

4. Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum.

5. Fjárfestingarleiðir

Frjálsi 1, Frjálsi 2, Frjálsi 3 og Frjálsi Áhætta:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í lok ársins. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í lok ársins, ef það liggur fyrir með

Tryggingadeild:

Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 og Frjálsa Áhættu hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

6. Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum og veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum tryggingadeildar og bankainnstæðna. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

SKÝRINGAR

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

8. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

IÐGJÖLD

9. Iðgjöld

Í ársreikningi sjóðsins eru iðgjöld færð til tekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris þegar bæði greiðslur og skilagreinar hafa borist sjóðnum en þá hafa réttindi eða séreign áunnist fyrir sjóðfélaga. Iðgjöld sjóðfélaga eru greidd inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild sjóðfélagar eru. Daglegt uppgjör fer fram á milli iðgjaldareikningsins og deilda sjóðsins sem felur í sér að greiðslur eru millifærðar af iðgjaldareikningi yfir á bankareikninga viðkomandi deilda í samræmi við samninga sjóðfélaga. Þann 31. desember 2014 var staðan á sameiginlegum iðgjaldareikningi sjóðsins 275,3 milljónir kr.

Í tryggingadeild sjóðsins hafa iðgjöld vegna ársins 2014 eða eldri tímabíla, sem voru greidd og/eða skráð eftir að uppgjörssárinu lauk, verið bókfærð að fjárhæð 305,6 milljónir kr. Einnig eru iðgjöld tryggingadeildar áætluð vegna skilgreina sem hafa borist en hafa ekki verið greiddar þegar uppgjörssárinu lauk. Í lok ársins eru áætluð iðgjöld tryggingadeildar vegna ógreiddra skilgreina 363,1 milljón kr. Ógreiddar skilgreinar séreignardeilda í lok ársins nema 136,6 milljónum kr. en ekki er áætlað fyrir þeim í iðgjöldum því þær mynda ekki séreign fyrir sjóðfélaga fyrr en þær greiðast eftir uppgjörssárið.

10. Iðgjöld greinast þannig:

	2014	2013
Lágmarksiðgjöld	8.166.425	7.435.854
Viðbótariðgjöld	1.759.067	1.427.782
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	2.390	11.946
Sérstök aukaframlög	125.976	118.178
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána	(141.703)	0
	<u>9.912.155</u>	<u>8.993.760</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2014
Lágmarksiðgjöld	2.910.428	310.153	1.014.978	15.081	3.915.785	8.166.425
Viðbótariðgjöld	1.188.853	199.339	356.405	14.470	0	1.759.067
Réttindaflutn. og endurgreiðslur	(101.315)	(113.741)	163.308	53.624	514	2.390
Sérstök aukaframlög	0	0	0	0	125.976	125.976
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána	(104.139)	(15.862)	(20.262)	(1.440)	0	(141.703)
	<u>3.893.827</u>	<u>379.889</u>	<u>1.514.429</u>	<u>81.735</u>	<u>4.042.275</u>	<u>9.912.155</u>

11. Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána

Iðgjöld ársins vegna séreignarsparnaðar eru lækkuð á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem ráðstafa á inn á lán og nemur 141,7 milljónum kr. fyrir árið 2014. Þar af eru 38,2 milljónir kr. ógreiddar í árslok og er fjárhæðin skuldfærð í efnahagsreikningi. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er réttthafa séreignarsparnaðar heimilt að nýta viðbótariðgjald, vegna launagreiðslna á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Heimild einstaklings takmarkast við allt að 4% framlag réttthafa og allt að 2% framlag launagreiðanda að hámarki samanlagt 500 þús. kr. á almanaksári. Hjá hjónum og einstaklingum, sem uppfylla skilyrði til samsköttunar skv. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, takmarkast heimildin við sömu forsendur en að hámarki samanlagt 750 þús. kr. á almanaksári. Greiðsla inn á lán getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur inneign réttthafa vegna greiddra iðgjalda á hverjum tíma.

LÍFEYRIR

12. Lífeyrir greinist þannig:

	2014	2013
Ellilífeyrir	1.736.849	1.512.950
Barnalífeyrir	17.663	11.287
Makalífeyrir	30.336	25.058
Örorkulífeyrir	242.695	170.867
Annar lífeyrir	114.869	103.010
	2.142.412	1.823.172

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Ellilífeyrir	715.854	124.947	742.407	4.357	149.284	1.736.849
Barnalífeyrir	0	0	0	0	17.663	17.663
Makalífeyrir	0	0	0	0	30.336	30.336
Örorkulífeyrir	8.583	1.067	6.998	0	226.047	242.695
Annar lífeyrir	84.240	7.001	23.628	0	0	114.869
	808.677	133.015	773.033	4.357	423.330	2.142.412

13. Útgreiðsla séreignarsparnaðar

Útgreiðsla séreignarsparnaðar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nam 1.006,8 milljónum kr. fyrir árið 2014. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu er réttthafa séreignarsparnaðar heimilt að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar á árinu 2014, sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla laganna, til vörsluaðila skv. 3.-5. mgr. 8. gr. Upphæðin getur numið allt að 9,0 milljónum kr. á hvern réttthafa, en þó að frádreginni þeirri fjárhæð sem þegar hefur verið greidd út á grundvelli ákvæðisins eins og það hljóðaði fyrir 1. janúar 2014. Samsvarandi útgreiðsla fyrir árið 2013 var 629,8 milljónir kr.

14. Kostnaður vegna örorkulífeyris greinist þannig:

	2014	2013
Kostnaður vegna örorkumats	6.850	4.398
VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður	81.330	73.214
	88.180	77.612

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur skulu greiða til starfsendurhæfingarsjóðs 0,13% af iðgjaldsstofni.

SKÝRINGAR

FJÁRFESTINGARTEKJUR

15. Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

	2014		2013	
Gengismunur af hlutabréfum	519.360		1.077.910	
Arður af hlutabréfum	75.785		56.181	
	<u>595.145</u>		<u>1.134.091</u>	

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Gengismunur af hlutabréfum	390.706	24.699	(18.149)	244	121.860	519.360
Arður af hlutabréfum	61.716	1.998	0	11	12.060	75.785
	<u>452.422</u>	<u>26.697</u>	<u>(18.149)</u>	<u>255</u>	<u>133.920</u>	<u>595.145</u>

16. Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2014		2013	
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini	5.831.404		10.049.416	
Vaxtatekjur vegna iðgjalda	22.208		54.917	
Bankainnstæður	559.000		365.058	
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	1.106.551		(2.606.536)	
Viðskiptakostnaður	(10.324)		(4.967)	
	<u>7.508.839</u>		<u>7.857.888</u>	

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini	3.538.608	218.502	192.867	4.903	1.876.524	5.831.404
Vaxtatekjur vegna iðgjalda	0	0	0	0	22.208	22.208
Bankainnstæður	214.809	32.670	166.050	469	145.002	559.000
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	1.021.428	9.662	13.189	(45)	62.317	1.106.551
Viðskiptakostnaður	(6.580)	(471)	(460)	(62)	(2.751)	(10.324)
	<u>4.768.265</u>	<u>260.363</u>	<u>371.646</u>	<u>5.265</u>	<u>2.103.300</u>	<u>7.508.839</u>

Vaxtatekjur af iðgjöldum séreignardeildar að fjárhæð 29,0 milljónir kr. eru færðar sem hluti af iðgjöldum launagreiðenda í breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris því þær mynda séreign fyrir sjóðfélaga en ekki tekjur fyrir séreignardeildirnar.

FJÁRFESTINGARGJÖLD OG REKSTRARKOSTNAÐUR

17. Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 449,7 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýsluþóknun nam 417,2 milljónum kr. og vörsluþóknun 32,4 milljónum kr. Þóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 337,3 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 112,4 milljónir kr. Önnur fjárfestingargjöld eru 4,6 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 341,9 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins er 50,6 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 163,0 milljónir kr.

Samsvarandi þóknun vegna sama tímabils 2013 nam 419,6 milljónum kr. Umsýsluþóknun nam 387,8 milljónum kr. og vörsluþóknun 31,8 milljónum kr. Þóknunin var gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 314,7 milljón kr. og meðal rekstrarkostnaðar 104,9 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 44,4 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 149,3 milljónir kr.

SKÝRINGAR

18. Stjórnarlaun fyrir árið 2014 greinast þannig:

	2014	2013
Ásgeir Thoroddsen, formaður	2.340	2.340
Anna Sigríður Halldórsdóttir, aðalmaður	1.170	569
Ásdís Eva Hannesdóttir, aðalmaður	1.170	1.170
Elías Jónatansson, aðalmaður	1.170	1.170
Elín Þórðardóttir, aðalmaður	1.170	1.170
Jón Guðni Kristjánsson, aðalmaður	682	0
Magnús Pálmi Skúlason, aðalmaður	1.170	1.170
Guðmundur Örn Óskarsson, varamaður	195	98
Selma Svavarsdóttir, varamaður	195	98
Sigrún Ósk Þorgeirsdóttir, varamaður	98	0
Tryggvi Þór Herbertsson, varamaður	98	0
Bjarnar S. Ingimarsson, fv. aðalmaður	0	780
Jónmundur Guðmarsson, fv. aðalmaður	486	1.170
Andrea Róbertsdóttir, fv. varamaður	0	98
Guðmundur Freyr Sveinsson, fv. varamaður	98	195
	<u>10.042</u>	<u>10.027</u>

Þóknun til meðlima endurskoðunarnefndar á árinu nam alls 1.390 þúsundum kr. Samsvarandi þóknun fyrir árið 2013 nam 1.700 þúsundum kr.

19. Þóknar til endurskoðenda á árinu 2014 greinast þannig (með vsk.):

	2014	2013
Endurskoðun ársreiknings	3.283	2.889
Könnun árshlutareikninga	3.525	3.860
Önnur þjónusta og útlagður kostnaður	98	169
	<u>6.906</u>	<u>6.918</u>

20. Breytingar á inneign sjóðfélaga greinast þannig:

	2014	2013
Iðgjöld	9.912.155	8.993.760
Greiddur lífeyrir	(3.237.398)	(2.530.540)
Fjárfestingartekjur - (gjöld)	7.588.936	8.902.881
	<u>14.263.693</u>	<u>15.366.101</u>

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Iðgjöld	3.893.830	379.888	1.514.429	81.733	4.042.275	9.912.155
Greiddur lífeyrir	(1.569.281)	(167.560)	(984.494)	(4.553)	(511.510)	(3.237.398)
Fjárfestingartekjur - (gjöld)	4.968.423	262.815	288.974	5.209	2.063.515	7.588.936
	<u>7.292.972</u>	<u>475.143</u>	<u>818.909</u>	<u>82.389</u>	<u>5.594.280</u>	<u>14.263.693</u>

SKÝRINGAR

FJÁRFESTINGAR

21. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2014	2013
Skráð innlend hlutabréf	3.275.264	1.035.064
Óskráð innlend hlutabréf	7.547.447	4.596.774
Skráð erlend hlutabréf	432.155	553.921
Óskráð erlend hlutabréf	0	27.272
Innlend hlutdeildarskírteini	22.626.187	25.259.565
Erlend hlutdeildarskírteini	24.382.762	21.634.824
	58.263.815	53.107.420

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Skráð innlend hlutabréf	2.359.695	112.374	0	3.006	800.189	3.275.264
Óskráð innlend hlutabréf	4.945.932	403.631	149.232	3.235	2.045.417	7.547.447
Skráð erlend hlutabréf	308.674	20.316	0	217	102.948	432.155
Innlend hlutdeildarskírteini	14.736.092	1.296.855	1.207.085	31.716	5.354.439	22.626.187
Erlend hlutdeildarskírteini	21.369.796	490.860	5.913	1.978	2.514.215	24.382.762
	43.720.189	2.324.036	1.362.230	40.152	10.817.208	58.263.815

22. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	2014	2013
Skuldabréf með ríkisábyrgð	57.493.405	53.626.564
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	2.577.548	1.758.702
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	320.026	321.404
Skuldabréf fyrirtækja	13.250.902	10.911.022
Önnur skuldabréf	61.157	65.303
	73.703.038	66.682.995

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Skuldabréf með ríkisábyrgð	24.176.707	3.266.833	9.870.419	58.691	20.120.755	57.493.405
Skuldabréf með ábyrgð fjármálast.	1.118.995	187.997	643.374	0	627.182	2.577.548
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	118.602	9.690	30.863	51	160.820	320.026
Skuldabréf fyrirtækja	7.314.400	647.643	1.400.950	2.574	3.885.335	13.250.902
Önnur skuldabréf	32.635	3.880	9.171	0	15.471	61.157
	32.761.339	4.116.043	11.954.777	61.316	24.809.563	73.703.038

SKÝRINGAR

22. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig, frh.:

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2, Frjálsa 3 og Frjálsa Áhættu, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Bókfært verð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

	2014		2013	
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu	71.734.398	63.828.415		
Samkvæmt ársreikningi	73.701.846	66.682.995		
	<u>(1.967.448)</u>	<u>(2.854.580)</u>		

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu	31.021.219	3.964.795	11.879.392	60.622	24.808.370	71.734.398
Samkvæmt ársreikningi	32.761.339	4.116.044	11.954.777	61.316	24.808.370	73.701.846
	<u>(1.740.120)</u>	<u>(151.249)</u>	<u>(75.385)</u>	<u>(694)</u>	<u>0</u>	<u>(1.967.448)</u>

Áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild, var 26.273 milljónir kr. í lok ársins, samanborið við 24.808 milljónir kr. sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 1.465 milljónum kr. hærra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa með föstum tekjum í tryggingadeild 1.878 milljónum kr. hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

23. Veitt lán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	2014		2013	
Sjóðfélagar	2.862.168	2.249.966		
Aðrir aðilar	22.939	26.558		
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs	(112.738)	(85.073)		
Varúðarniðurfærsla á árinu	(31.517)	(27.665)		
	<u>2.740.852</u>	<u>2.163.786</u>		

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi áhætta	Trygginga-deild	Samtals 2014
Sjóðfélagar	1.459.953	9.572	69.790	0	1.322.853	2.862.168
Aðrir aðilar	15.082	2.696	0	0	5.161	22.939
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs	(76.540)	(163)	(2.182)	0	(33.853)	(112.738)
Varúðarniðurfærsla á árinu	2.789	(451)	(1.307)	0	(32.548)	(31.517)
	<u>1.401.284</u>	<u>11.654</u>	<u>66.301</u>	<u>0</u>	<u>1.261.613</u>	<u>2.740.852</u>

SKÝRINGAR

24. Aðrar fjárfestingar greinast þannig:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Áætlað söluverð	Bókfært verð 2014
Fasteign	44.600	47.650	40.000	40.000
	44.600	47.650	40.000	40.000

Fasteignin er í söluferli á fyrsta ársfjórðungi 2015.

25. Gjaldfærð (tekjufærð) varúðarniðurfærsla greinist þannig:

	2014	2013
Veðlán til sjóðfélaga	31.517	30.618
Skuldabréf fjármálafyrirtækja - hækkun / (lækkun)	(25.333)	9.455
Skuldabréf fyrirtækja	0	(415.000)
Aðrar breytingar	3.972	0
	10.156	(374.928)

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi áhætta	Trygginga- deild	Samtals 2014
Veðlán til sjóðfélaga	(2.789)	451	1.307	0	32.548	31.517
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	(21.563)	(348)	0	0	(3.423)	(25.333)
